

**ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/59****2019/EES/86/02****frá 11. janúar 2018****um breytingu á ákvörðun 2009/300/EB að því er varðar innihald og gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir sjónvörp***(tilkynnt með númeri C(2018) 6) (\*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB <sup>(1)</sup>, einkum 2. og 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB <sup>(2)</sup> er komið á sértækum vistfræðilegum viðmiðunum ásamt kröfum um mat og sannprófun fyrir vöruflokkinn „sjónvarpstæki“.
- 2) Gildistími núverandi vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðun 2009/300/EB, rennur út 31. desember 2017.
- 3) Fyrsta viðmiðunin, sem sett er fram í ákvörðun 2009/300/EB og varðar orkusparnað, grundvallast á gildandi kröfum um orkumerkingu og vishönnun fyrir sjónvörp sem komið var á með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 642/2009 <sup>(3)</sup>. Af þessum sökum er umhverfismerki ESB sem stendur veitt sjónvörpum sem eru merkt í orkuflokki B samkvæmt áætluninni um orkumerkingar fyrir sjónvörp, sem sett er fram í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010 <sup>(4)</sup> (hér á eftir nefnd áætlunin um orkumerkingar). Orkuflokkur B er þó ekki flokkurinn með mestu orkunýtnina sem er seldur á markaði Sambandsins. Því þarf að uppfæra fyrstu viðmiðunina í ákvörðun 2009/300/EB til að tryggja að umhverfismerki ESB sé veitt vörum sem eru orkunýtnar.
- 4) Lögð hefur verið fram tillaga um að skipta núgildandi kröfum um orkumerkingu og vishönnun fyrir sjónvörp út fyrir nýjar kröfur eigi síðar en 2019 <sup>(5)</sup> en tillagan hefur enn ekki verið samþykkt. Á meðan beðið er eftir samþykkt þeirrar tillögu ætti að breyta viðmiðuninni um orkusparnað í ákvörðun 2009/300/EB til að vísa til hærri orkuflokka í núverandi útgáfu áætlunarinnar um orkumerkingar.
- 5) Unnið hefur verið mat þar sem staðfest er mikilvægi tillagðra breytinga á viðmiðuninni um orkusparnað og hve viðeigandi þær séu og staðfest mikilvægi allra annarra gildandi vistfræðilegra viðmiðana fyrir sjónvörp og hve viðeigandi þær eru ásamt tilheyrandi kröfum um mat og sannprófun sem komið var á með ákvörðun 2009/300/EB. Endurskoðun á viðmiðunum um umhverfismerki er fyrirhuguð um leið og tillögðu nýju kröfurnar um orkumerkingu og vishönnun fyrir sjónvörp hafa verið samþykktar.
- 6) Af ástæðum sem eru settar fram í 4. og 5. forsendu og til að gefa nægan tíma til endurskoðunar á núverandi vistfræðilegum viðmiðunum um leið og tillögðu nýju kröfurnar um orkumerkingu og vishönnun hafa verið samþykktar ætti að framlengja gildistíma núgildandi viðmiðana og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, með áorðnum breytingum samkvæmt þessari ákvörðun, til 31. desember 2019.
- 7) Því ætti að breyta ákvörðun 2009/300/EB til samræmis við það.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 10, 13.1.2018, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB frá 12. mars 2009 um endurskoðaðar vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir sjónvörp (Stjttíð. ESB L 82, 28.3.2009, bls. 3).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 642/2009 frá 22. júlí 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun á sjónvörpum (Stjttíð. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 42).

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar sjónvarpa (Stjttíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 64).

(5) COM(2016) 773, lokagerð.

- 8) Veita ætti umbreytingartímabil fyrir umsóknir og leyfi sem falla undir viðmiðanirnar sem settar eru fram í ákvörðun 2009/300/EB til að gefa leyfishöfum og umsækjendum nægan tíma til aðlögunar að breytingum á viðmiðuninni um orkusparnað.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/300/EB kemur eftirfarandi:

*„3. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „sjónvarpstæki“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 31. desember 2019.“

*2. gr.*

Ákvæðum viðaukans við ákvörðun 2009/300/EB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

*3. gr.*

1. Umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur í vöruflokknum „sjónvarpstæki“, sem lagðar eru fram fyrir samþykktardag þessarar ákvörðunar, skulu metnar í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þeirri útgáfu ákvörðunar 2009/300/EB sem var í gildi daginn fyrir samþykktardag þessarar ákvörðunar (hér á eftir nefnd „eldri útgáfa ákvörðunar 2009/300/EB“).
2. Umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur í vöruflokknum „sjónvarpstæki“, sem lagðar eru fram innan mánaðar frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar, geta annaðhvort grundvallast á viðmiðunum sem kveðið er á um í eldri útgáfu ákvörðunar 2009/300/EB eða viðmiðunum sem settar eru fram í útgáfu þeirrar ákvörðunar eins og henni er breytt með þessari ákvörðun.
3. Leyfi fyrir umhverfismerki ESB sem er veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í eldri útgáfu ákvörðunar 2009/300/EB má nota í sex mánuði frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

*4. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. janúar 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Karmenu VELLA

*framkvæmdastjóri.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Í viðaukanum við ákvörðun 2009/300/EB er fyrstu viðmiðuninni (orkusparnaður) breytt sem hér segir:

- 1) Í stað „ $\leq 200 \text{ W}$ “ í b-lið (hámarksorkunotkun) kemur „ $\leq 100 \text{ W}$ “.
- 2) Í stað allra fjögurra málsgreina í c-lið (orkunýtni) kemur eftirfarandi:

„Sjónvörp skulu uppfylla nákvæmu skilgreiningarnar fyrir orkunýtnistuðulinn sem settur er fram í I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010 (\*) fyrir orkunýtniflokkinn sem er tilgreindur hér á eftir eða, að öðrum kosti, fyrir orkunýtniflokk með meiri orkunýtni:

- i. orkunýtniflokkur A fyrir tæki með sýnilegum skjá þar sem hornalína er  $\leq 90 \text{ cm}$  (eða 35,4 tommur),
- ii. orkunýtniflokkur A+ (A fyrir ofurháskerpu (e. UHD) fyrir tæki með sýnilegum skjá þar sem hornalína er  $\leq 90 \text{ cm}$  (eða 35,4 tommur) og  $< 120 \text{ cm}$  (eða 47,2 tommur),
- iii. orkunýtniflokkur A++ (A+ fyrir ofurháskerpu) fyrir tæki með sýnilegum skjá þar sem hornalína er  $\leq 120 \text{ cm}$  (eða 47,2 tommur).

Í þessum lið merkir „UHD“ ofurháskerpa sem er stöðluð (\*\*) með tveimur upplausnum af  $3\,840 \times 2\,160$  (UHD-4K) myndeindum eða  $7\,680 \times 4\,320$  (UHD-8K) myndeindum.

---

(\*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar sjónvarpa (Stjttíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 64).

(\*\*) Tilmæli Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU-R) BT.2020.“

- 3) Í liðnum með fyrirsögninni „Mat og sannprófun (a- til c-liður)“:

- a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu fyrir sjónvarpstækið/-tækin sem nær yfir prófunina sem framkvæmd var samkvæmt stöðlum EN 50564 til að uppfylla skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, og prófanirnar sem framkvæmdar voru með mælingaraðferðunum, sem um getur í 1. og 2. lið VII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2010 til að uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í b- og c-lið. Auk þess skal tilgreina orkunýtniflokk og hornalínu sýnilegs skjás í skýrslunni.“

- b) Þriðja málsgrein fellur brott.